



Alþingi
Erindi nr. P 137/497
komudagur 1.7.2009

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 01. júlí 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hvali, 112. mál, heildarlög.


VM gerir ekki efnislegar athugasemdir við ný heildarlög um hvali.

Veiðarnar verði stundaðar eftir tillögum Hafrannsóknarstofnunnar á grundvelli sjálfbærrar nýtingar um hvaða tegundir hvala skuli leyft að veiða og hve marga hvali af hverri tegund.

Heimild ráðherra til að stöðva veiðar í 6. gr. telji hann það hafa neikvæð áhrif á heildarhagsmuni þjóðarinnar, telur VM að væri þörf á að skilgreina betur.

Það er skoðun VM að gæta þurfi jafnvægis í lífríki sjávar og því sé full þörf á að stunda hvalveiðar til að jafnvægið raskist ekki með of stórum hvalastofnum við landi.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna


Guðmundur P. Ragnarsson, formaður VM.